



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 16. júní 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 19:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kjörskrá vegna forsetakosninga

- a. Fyrir fundinum lá erindi Þjóðskrár Íslands frá 9. júní 2020 með leiðbeiningum um meðferð kjörskrárstofna vegna forsetakosninga 27. júní 2020. Erindið var til kynningar.
- b. Þá lá fyrir fundinum kjörskrá vegna forsetakosninga sem fram fara laugardaginn 27. júní nk. Skráin byggir á kjörskrárstofni sem Þjóðskrá gerir og miðast við skráð lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag, þann 6. júní 2020. Sveitarstjórn samþykkti kjörskrána og fól sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörstjórn, enda hafi ekki komið upp kærur eða athugasemdir sem sveitarstjórn þurfi að taka afstöðu til fram að kjördegi.

2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2020

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2020. Er viðauki vegna rekstrar til kominn vegna fræðslu- og uppeldismála, menningarmála og atvinnumála.

Til þess að bregðast við Covid-19 efndi sveitarfélagið til sumarátaks fyrir ungmenni skv. eftirfarandi skipulagi:

Ungmenni með lögheimili á Skagaströnd sem eru á aldrinum 17-19 ára geta fengið 2 mánaða ráðningu við sumarverkefni á sama tímabili og vinnuskóli er starfræktur.

Miðað er við 6 klst. vinnudag.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Viðauki vegna eignasjóðs er til kominn vegna viðhalds áhalda og búnaðar í Bjarmanesi. iðauka sem lá fyrir var stillt upp í form í samræmi við reglugerð nr. 1212 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Viðauki vegna rekstrar			
	Málaflokkar	Deildir	Upphæð þús.
04	Fræðslu- og uppeldismál	04-21 Höfðaskóli	
	2021	Bækur, tímarit og blöð	-300
	2031	Rtíföng, pappír og bréfabindi	-200
	4113	Hópförðabílar	-400
	4112	Bílaleigubifreiðar	400
	4915	Tölvubúnaður kennara	200
05	Menningarmál	05-21 Bókasafn	
	2021	Bækur, tímarit og blöð	300
13	Atvinnumál	13-03 Átaksverkefni í atvinnumálum	
	1110	Vinnulaun sumarfólks	3.940
	1801	Launatgjöld	960
31	Eignasjóður	31-36 Bjarmanes	
	4967	Viðhald áhalda og búnaðar	500
Samtals viðauki vegna rekstrar :			5.400
Breyting á viðauka við fjárhagsáætlun er mætt með :			
	Lækkun á handbæru fé:		5.400

Sveitarstjórn samþykkti viðaukann og að honum yrði mætt með lækkun á handbæru fé.

3. Umsagnir um veitinga- og gistileyfi

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á Norðurlandi vestra um umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis:

a. Bjarmanes kaffihús

Umsækjandi: Áslaug Ottósdóttir kt. 260181-5059, f.h. MO Dóttir ehf. kt. 420620-1010. Sótt er um rekstrarleyfi til sölu veitinga í flokki II. Um er að ræða nýtt leyfi.

Umsögn: Fyrir fundinum lágu jákvæðar umsagnir byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra. Sveitarstjórn gerir því ekki athugasemdir við að orðið verði við umsókninni.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

b. Snorraberg gisting

Umsækjandi: Adolf. H. Berndsen kt. 190159-5909, f.h. Snorrabergs ehf. kt. 670804-3560. Sótt er um rekstrarleyfi í flokki II. til sölu gistingar. Um endurnýjun leyfis er að ræða.

Umsögn: Fyrir fundinum lágu jákvæðar umsagnir byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra. Sveitarstjórn gerir því ekki athugasemdir við að orðið verði við umsókninni.

4. Önnur mál

Ekki var fleira tekið fyrir undir þessum lið og var fundi slitið kl. 19:30

Halldór G. Ólafsson

Róbert Kristjánsson

Kristín Björk Leifsdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson

Alexandra Jóhannesdóttir

